



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 REYKJAVÍK

**Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnafulltrúa  
Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins um stöðu þeirra sem áður bjuggu á njálgötu  
74- R18110145**

Á fundi borgarráðs 15. nóvember 2018, komu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks og áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands og áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins með svohljóðandi fyrirspurn:

"Hvernig miðar húsnæðisáformum fyrir þann hóp einstaklinga sem bjuggu á Njálgötu 74 en eru nú staðsettir tímabundið í Víðinesi?"

**Svar:**

Í ágúst 2018, fluttu sex íbúar af Njálgötu 74 í Víðinesi. Hópurinn samanstendur af karlmönnum sem hafa búið á Njálgötu 74 um nokkurt skeið, sumir til nokkurra ára. Þeir eiga allir langa sögu um neyslu áfengis og vímuefna og eru í neyslu í dag. Þeir eru illa á sig komnir bæði andlega og líkamlega en Njálgata 74 er úrræði sem velferðarsvið setti á fót fyrir þó nokkuð mörgum árum fyrir þennan hóp einstaklinga. Ástæða þess að einstaklingar þessir fluttu af Njálgötunni var sú að húsið var illa farið, m.a vegna myglu. Illa gekk að finna húsnæði sem hentaði bæði m.t.t. einstaklinganna sem þar búa og nágrennis. Velferðarsvið var í samvinnu við Skrifstofu Eigna og Atvinnuþróunar og Félagsbústaða við að finna varanlegt húsnæði sem hentaði fyrir hópinn. Niðurstaða þeirrar vinnu var að ráðast í gagngerar endurbætur og viðgerðir á Njálgötu 74 og lauk þeirri vinnu 21. mars sl. Íbúar hafa verið að flytja frá Víðinesi á Njálgötu 74 dagana 25.-29. mars.

Virðingarfyllst

  
Berglind Magnúsdóttir  
Skrifstofustjóri